

Stjórnarfundur UMSB 18. febrúar 2016 í þjónustumiðstöð UMSB

Mætt: Sigurður sambandsstjóri, Kristín Gunnarsd. Anna Dís Þórarinsd. Pálmi framkvæmdastjóri, Sólrún Halla og Ásgeir Ásgeirsson.

1. Sambandsstjóri setur fundinn

Sigurður sambandsstjóri byrjar fundinn.

2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð samþykkt samhljóða og undirrituð.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra, starfið undanfarið og framundan

a) *Unglingalandsmótsnefnd*

- i) Nefndin er búin að hittast tvisvar
- ii) Búið er að útbúa skjal með skiptingu varðandi hagnað. Hittu formenn aðildarféлага í gærkvöldi þar sem skiptingin var kynnt.
- iii) Sigurður sambandsstjóri tók sæti Kolfinnu fráfarandi sveitarstjóra sem formaður nefndarinnar þar til búið er að ráða nýjan sveitarstjóra.
- iv) Skotfélagið og mótorsportfélagið, skipulagsmálin eru í fullum gangi og fá líklega úthlutað svæði í maí.

b) *Afreksmannasjóður*

Nefnd Afreksmannasjóðsins er búin að hittast og er að útbúa nýjar reglur varðandi sjóðinn sem á að leggja fyrir sambandsþing UMSB 12. mars 2016.

c) *Hagræðing í tómstundamálum í Borgarbyggð*

Á að fara að skoða samstarfssamninginn milli Borgarbyggðar og UMSB og meta hvernig reynslan af samningnum hefur verið. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sviðsstjóri Umhverfissviðs og framkvæmdastjóri UMSB munu sjá um að meta stöðuna.

Það á að skoða nýtingu húsnæðis betur, jafnvel færa Safnahúsið, Félagsmiðstöðina Óðal o.fl. Reyna að nýta kjallarann í Menntaskólanum betur.

d) *Ýmis verkefni framkvæmdastjóra*

Hefur verið að skoða kostnað við strandblakvöll, frísíggolf völl o.fl.

4. Undirbúningur fyrir sambandsþing, tillögur stjórnar o.fl.

a) *Fjárhagsáætlun*

Pálmi framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2016.

b) *Tillögur fyrir sambandsþing*

Pálmi framkvæmdastjóri fór yfir tillögur sem stjórn UMSB ætlar að leggja fyrir sambandsþingið í Fannahlíð 12. mars 2016.

5. Önnur mál

a) Kristín Gunnarsdóttir er ánægð með Íþróttahátíðina sem haldin var í Brún 16. janúar 2016.

Bókun: Stjórn UMSB vill þakka Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar fyrir góðar veitingar.

b) Sambandinu var send þingsályktunartillaga varðandi notkun gúmmíkurlis úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum. Það á að útbúa áætlun fyrir árslok 2016 um hvernig eigi að skipta út gúmmíkurlinu.

Fundi slitið kl. 21:30
Sólrún Halla ritaði fundargerð